



**Kynlegar athugasemdir og öryggi
kvenna í þjónustustörfum**

Kynlegar athugasemdir

- Facebookhópurinn „Kynlegar athugasemdir“ stofnaður á vormánuðum 2014
- Lýsing á síðu hópsins:
„Vettvangur fyrir fólk til að deila aðstæðum og/eða athugasemdum sem eru bundnar við kynferði og það hefur orðið fyrir í hversdagslífi sínu. Fyrir annað fólk að sjá hvað ójafnréttið liggur víða og grefur djúpt.“

Umfang vandans

- Vettvangurinn ekki sérstaklega ætlaður til þess að safna saman ummælum sem einskorðuðust við þjónustugeirann
- Strax fyrstu dagana varð fljótlega ljóst að flestar sögurnar endurspegluðu reynsluheim kvenna í þjónustustörfum og um 100 sögur þess efnis söfnuðust



Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir

10 April · Kópavogskaupstaður

17 ára vann ég sem þjónn á veitingastað. Veitingastaðurinn var einnig með heimsendingar og eftir að hafa þjónað í um hálft ár í salnum langaði mig að prófa að vera sendill. Strákarnir tveir sem sáu um heimsendingarnar virtust ráða sér mun meira í starfi en ég og fannst mér það heillandi. Það voru til tveir bílar sem þeir voru báðir búnir að margklessa.

Ég mana mig svo til að tala við yfirmanninn og óska eftir því að fá að færa mig í sendlastarf. Hann hló, horfði á mig lengi og sagði að stelpur gætu ekki sinnt slíku sarfi, hvað þá stelpur sem væru nýkomnar með bílpróf. Með tárin í augunum (niðurlægð) sagðist ég þá ætla að hætta. Eftir mikla baráttu fékk ég svo fjárans sendla starfið með því skilyrði að ég væri á eigin bíl þar sem mér væri ekki treystandi fyrir hinum margklesstu sendlabílum. Ég lét mig hafa það og vann svo sem pizzusendill í einhverntíma og hvorki klessti bíl né klúðraði sendingu... ótrúlegt en satt 😊



Maggý Helga Jóhannsd Möller

10 April · Reykjavík



Ég vann eitt sinn á bensínstöð í bænum og þangað vandi komur sínar tónlistarmaður sem var frægur fyrir að spila fyrir klink utandyra um helgar. Hann kom því nokkuð oft á stöðina að morgni helgardaga.

Þessi tiltekni maður átti það til að koma aftan að mér þegar ég var að fylla á og stynja eða koma of nálægt mér bara til að geta rekist í mig og afsakað sig með því að strjúka mér (what?!). Ég var ófrísk á þessum tíma og þegar hann komst að því þá byrjaði áreitið að ágerast. Hann byrjaði á því að spyrja mig hvort ég hefði verið lengi að reyna að vera ófrísk (óviðeigandi en ekki dónalegt kannski) og svo hvort það hefði samt ekki verið gaman að reyna að verða ófrísk. Steininn tók svo úr þegar hann lagði til að hann gæti barnað mig næst og það yrði örugglega gaman að "reyna" með mér. Ég gjörsamlega trylltist og gargaði á hann inni á stöðinni, rauk út og neitaði að koma fram og afgreiða hann.

Stöðvarstjórinn minn brást mér. Hann fór fram, afgreiddi manninn með frírri pulsu og kók og afsökunarbeiðni um að ég væri ófrísk og viðkvæm og ekki í jafnvægi. Eftir það fékk ég tital frá stöðvarstjóranum að ég gæti ekki handvalið mér viðskiptavini.

Skemmst frá því að segja þá tók ekki aftur til starfa hjá þessu fyrirtæki eftir fæðingarorlof.

[Like](#) · [Comment](#) · [Share](#)



Kara Kristel Ágústsdóttir

10 April · Bryn, Norway



Á olís fyrir svona 2 árum kannski var í gangi pepsi max leikur, þegar við skönnuðum inn í kassann pepsi þá kom upp gluggi sem var hægt að skrifa niður símanúmer, við starfsfólkið þurftum að spurja fólk hvort að það vildi taka þátt í leiknum og ef að það þáði það, þá þurftum við að spurja um símanúmer til að slá inn í kassann. Ég og allar stelpur sem ég þekki sem voru að vinna á olís á þessum tíma fengu nokkrum sinnum á dag frá körlum

“ætlaru svo að hringja í mig þegar vaktin er búin”

“viltu ekki vista númerið í símann þinn líka”

“hringdu í mig eftir klukkan 11 því þá er konan farin að sofa”

“hvað þarf ég að gera til að fá númerið þitt á móti”

“ætlar þú að afhenda mér vinninginn”

“ef ég vinn ekki fæ ég þá þig í skaðabætur”

og ég veit ekki hvað og hvað..... EN enginn af strákunum fékk nokkurn tímann einhvað svona skot eða óvirðingu, aldrei sem ég veit að allavegana..

Ég er með spurningu ;

Er það þá bara karlar sem þora að koma svona fram við afgangslustelpur eða koma konur svona líka fram við afgangslustráka????

[Like](#) · [Comment](#) · [Share](#)



Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir

15 April · Montpellier, France



"Maturinn var fínn- en mér líkar betur þegar þú ert í pilsí."
Karlkyns viðskiptavinur rétt áðan við konu sem vinnur með mér.

[Unlike](#) · [Comment](#) · [Share](#)



Jóna Kristjana Hólmgeirsdóttir Já, henni fannst þetta óþægilegt. Reyndar er hún komin með furðu þykkari skráp fyrir svona kommentum eins og margar konur sem vinna í afgreiðslustörfum af því mörgum karlmönnum virðist finnast það nauðsynlegt að segja eitthvað útlitið hennar.

15 April at 14:08 · Edited · [Like](#) ·  2



Kristín Helga Magnúsdóttir

13 Apríl · Ytri-Njarðvík

Ég vinn a bar a skemmtistað.

Í nótt var strákur að kalla á stelpu sem vinnur með mer og biðja um aðstoð, þó hun hafi greinilega verið upptekin að afgreiða annan. Hann kallar marg oft a hana og hun biður hann um að slaka á.

Svarið sem hún fékk fra honum :

Vá það ætti bara að rétta þer skóflu og sand fyrir þíkuna a þér!!

Ég sný mér við og öskra a hann að enginn stelpa stelpa vill hafa sand í þíkunni á sér og eitthvað fleirra.

.....needless to say, þá fékk hann ekki afgreiðslu hjá okkur!



Urður Arna Ómarsdóttir Þetta er það sem ég get ekki skilið. Ef það er verið að "reyna við mann" eða "trufla mann í vinnunni" eða eitthvað svoleiðis og við svörum fyrir okkur þá erum við einmitt, með sand í þíkunni eða á túr eða þurfum að fá okkur að ríða eða ömurlega pirraðar tussur. Síðan hvenær er bannað að svara fyrir sig???! Þetta fer óstjórnlega í taugarnar á mér!!

13 Apríl at 20:38 · Like · 11



Annie Marín Maríudóttir já einmitt ef maður tekur ekki undirgefið í svona atvik og svarar fyrir sig (í raun ver sig og setur mörk um að þetta er ekki í lagi) þá er maður tík eða tussa o.s.f.

13 Apríl at 22:07 · Like · 1




Maria Kristjansdottir

15 April



"Taktu nú símann þinn úr rassvasanum, rassinn þinn er ekki flottur ef þú ert með síma í vasanum... og snúðu þér svo í hring" - KK viðskiptavinur við mig þegar ég var að vinna á bar í vetur.

[Like](#) · [Comment](#) · [Share](#)



Katrín Pöll Ingólfssdóttir Gallo

9 April · Akureyri



"já, þú mátt setja kortið hér í bara."

"*glott* hvar má ég stinga því/honum inn segirðu?"

Vinnandi í þjónustustarfi á kvöldin er ég hreinlega löngu búin að missa töluna á því hversu oft ég fæ þetta svar þegar kemur að því að nota posann, karlar úr flest öllum sviðum samfélagsins. Einn þeirra fór þá leið að setja það í og úr posanum til skiptis með fylgjandi stunum. Stundum eru þetta þabbar/eiginmenn kvenna sem ég þekki persónulega, en þeir greinilega þekkja mig ekki og finnst þetta alveg viðeigandi komment. Gæti ælt.



Setta María Ég passa mig að bjóða uppá sem minnsta tvíræðni þegar ég er í þessum aðstæðum. "Þú mátt setja kortið í posann" virðist halda athugasemdum í skefjum. Það hjálpar kannski að ég vinn í bókabúð og það má ímynda sér að mestu hálfvitarnir eigi síður leið þar um?

Það er fáránlegt að þurfa að orða hlutina á einhvern sérstakan hátt til að sleppa við kynferðislegar athugasemdir um greiðslukortaviðskipti af öllum hlutum!

9 April at 21:05 · Like ·  8



Raket Sigurðardóttir

8 April · Edited



Einn dag í vinnunni: Hópur ungra manna sest niður, þeir panta tvær könnur af bjór og eru almennt í miklu stuði, enda klukkan 15:00 á fimmtudegi. Ég tek niður matarpöntunina og kem stuttu síðar með matinn á borðið. Það er fjör hjá strákunum, enda bjór og lætin eftir því. Ég kalla upp nöfnin á réttunum og fæ lítil viðbrögð. Ég kalla aftur og fæ svarið: „Ég myndi skilja þig miklu betur ef þú værir ber að ofan.“ Ég hefði ekki viljað sjá svipinn á andlitinu mínu en ég er nokkuð viss um að hann hafi ekki verið fögur sjón. Félögum snillingsins sem lét þessi orð falla var hins vegar skemmt og hlógu allir sínum tryllingslega hlátri. Ég legg síðasta diskinn fyrir framan síðasta svanga magllakútinn, segi „verði ykkur að góðu“ og svara neitandi spurningum um það hvort ég ætli ekki á djammið í kvöld og hvort ég vilji ekki koma með strákunum. Þegar ég hef labbað tvö skref frá borðinu heyrir ég sagt: „Djöfull ert þú að fara upp á þessa í kvöld.“ Og ég labba í burtu. Móðguð. Mjög móðguð. En samt segi ég ekki neitt. Fór svo heim, á bömmer, því ég hefði átt að segja eitthvað.

[Unlike](#) · [Comment](#) · [Share](#)



Magnea Arnardóttir Ég finn líka hvað ég vil alls ekki aftur vinna á veitngastað, í veislupjónustum eða á bar - þetta er eitthvað sem er konstant!

9 April at 21:52 · Like ·  1

Hef unnið mörg ár á börum og veitingastöðum og lent svo ótal sinnum í kynferðislegri áreitni. Eins og þegar maður fer með drykki á borð. Oftar en ekki þá eru nokkrir karlmenn saman sem eru að sýna sig fyrir hvor öðrum og beinlínis leika sér að mér, og sjá reiði mína en vita að ég má ekki öskra á kúnnana. Eins og síðasta sumar var ég að vinna á hóteli úti á landi og oft hengu rútubílstjórar á barnum þegar ég var að loka honum. Eitt sinn var ég óþreyjufull að klára svo ég segi einum að honum sé velkomið að taka bjórinn með sér upp á herbeggi. Hann; „Get ég ekki pantað þig líka með mér upp á herbeggi, svona sæta og girnilega?“. Þeir hlæja. Hann: „Nei elskan, þú veist að ég er að djóka í þér.”

Og ég sagði ekki neitt.

Mér finnst að vinnustaðir ættu að vera með þá reglu að svona hegðun sé óásættanleg. Að starfsmenn geti farið til yfirmanns sem að þá tali við kúnnana og krefjist þess að þeir biðjist afsökunar eða fari út.

Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum (nr. 46/1980)

I. kafli. Tilgangur og gildissvið.

1. gr. Með lögum þessum er leitast við, að

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt starfsumhverfi, sem jafnan sé í samræmi við félagslega og tæknilega þróun í þjóðfélaginu,

b. tryggja skilyrði fyrir því, að innan vinnustaðanna sjálfra sé hægt að leysa öryggis- og heilbrigðisvandamál, í samræmi við gildandi lög og reglur, í samræmi við ráðleggingar aðila vinnumarkaðarins og í samræmi við ráðleggingar og fyrirmæli Vinnueftirlits ríkisins.

II. kafli. Öryggis- og heilbrigðisstarfsemi innan fyrirtækja. Samskipti atvinnurekenda og starfsmanna.

6. gr. Í fyrirtækjum, þar sem eru 50 starfsmenn eða fleiri, skal stofna öryggisnefnd. Starfsmenn kjósa úr sínum hópi tvo fulltrúa og atvinnurekandi tilnefnir tvo fulltrúa. Þessi nefnd skal skipuleggja aðgerðir varðandi aðbúnað, hollustuhætti og öryggi innan fyrirtækisins, annast fræðslu starfsmanna um þessi efni og hafa eftirlit á vinnustöðum með því, að ráðstafanir er varða aðbúnað, hollustuhætti og öryggi komi að tilætluðum notum.

Spurning:

„Góðan daginn, gæti ég fengið að tala við fulltrúa úr öryggisnefnd fyrirtækisins?”

„Ég veit ekki alveg nákvæmlega hvað öryggisnefnd er, því miður. Ég veit að það er einhvers konar trúnaðarmaður hérna innan [fyrirtækisins] sem maður getur talað við. En lengra nær vitneskja mín ekki. Vona að þetta hjálpi.“ - Starfskona kaffihúss

„Æh ég veit ekki alveg hvað það er en ég get alveg spurt...” - Starfskona í afgreiðslu apóteks

„Ég er bara ekki viss um að það sé þannig nefnd hérna hjá okkur.“ - Starfskona á skrifstofu líkamsræktarstöðvar

„Fyrirgefðu, einu sinni enn?“ - Starfskona í gistinguhotelli

„Nei, það er ekki. En fyrr í sumar sagði einhver mér að það væri verið að spá í að skipa trúnaðarmann en það hefur ekkert gerst.“ - Þjónn á veitingahúsi

„Bíddu hvað ertu að spyrja mig um? Það fyrsta sem mér dettur í hug er hvort þú sért að spyrja mig um fulltrúa Íslands í Öryggisráði sameinuðu þjóðanna?“ - Starfsmaður á hosteli



María Gísladóttir

10 April

Fyrir nokkrum árum byrjaði ég að vinna sem þjónn á vinsælum veitingastað í Reykjavík. Á fyrstu vaktinni sá ég um nokkur borð, meðal annars eitt þar sem sátu tveir menn og tvær konur. Það var nóg að gera en allt gekk vel þar til að ég gleymdi að koma með bjór sem einn maðurinn við borðið hafði pantað sér. Þegar ég kom næst að borðinu spurði ég hvort allt væri eins og það ætti að vera og maðurinn minnti mig á bjórinn. Ég dreif í að sækja hann og baðst afsökunar á þessari gleymsku minni þegar ég kom aftur með bjórinn að borðinu. Svo spurði ég hvort ég gæti gert eitthvað fleira fyrir þau í bili og maðurinn hló og sagði, "Hmm...já þú gætir kannski staðið á haus og sýnt okkur á þér brjóstin!". Hin þrjú hlógu en ég roðnaði bara og snerist á hæli og flýtti mér "á bakvið". Þar sagði ég annarri stelpu frá þessu, var brugðið og skammaðist mín mest fyrir að hafa ekki sagt eitthvað nýttið á móti. Hún kallaði strax á vaktstjóran, stóran og stæðilegan mann á fertugsaldri, og sagði honum hvað hafði gerst. Ég maldaði eitthvað í móinn "æ þetta var nú bara grín og ég gleymdi nú bjórnum hans", en yfirmaður minn fór beint að kassanum og prentaði reikninginn út fyrir borðið. Gekk svo rակleitt að borðinu og sagði þeim að svona vanvirðing við starfsfólkið hans ætti ekki heima á betri veitingahúsum, bað þau að borga og fara strax og koma aldrei aftur. Þau voru öll yfir sig hneyksluð og maðurinn hreint út sagt brjálæðislega reiður og hreytti einhverjum ónotum í okkur öll á leiðinni út. En ég er enn svo stolt og þakklát þessum yfirmanni mínum fyrir þessi flottu viðbrögð! (Ó hvað mig langar að tagga shout-out til hans núna)Fyrir utan hvað ég fæ núna kjánahroll yfir sjálfri mér að hafa eiginlega fundist maðurinn vera í fullum rétti til að segja svona af því ég hafði gleymt skitnum bjór...

[Unlike](#) · [Comment](#) · [Share](#)

Vangaveltur

- Hefur kúnninn alltaf rétt fyrir sér?
- Þarf ekki að fara að skoða og viðurkenna hugtakið öryggi í víðara samhengi?
- Þykir okkur eðlileg stjórnarsýsla að fjölmiðlafár sé eina úrræði valdalausra einstaklinga sem eru að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði og leita réttar síns?
- Þurfum við ekki að fara að bregðast við nýrri stöðu í markaðsvæddum heimi, sem felst í því að gera út á líkama starfsfólks og kyngera hann?
- Við (sem þjóð) vinnum mikið og byggjum sjálfsmynd okkar að miklu leyti á því að hafa vinnu og enn fremur að vinna mikið. Þarf ekki að endurskoða samfélagsgildin? (Að standa upp fyrir sjálfum sér og rétti sínum vs. að standa uppi atvinnulaus.)

Köllum eftir samstilltu átaki
Vinnueftirlitsins, stéttarfélaganna,
yfirmanna og viðskiptavina!

